

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla, Sörlaskeið 26.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 17. ágúst 2006, breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla, Sörlaskeið 26 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að lóð við Sörlaskeið 26 er stækkuð í 3150 m² og tveir nýir byggingarreitir koma í stað eins sem fyrir var. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Hafravellir nr. 21 og 23.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 23. ágúst 2006, breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Hafravellir nr. 21 og 23 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að á lóðum 21 og 23 við Hafravelli er heimilt að breikka byggingarreit húsa um 50 cm og byggja 2,2 m² útbyggingu samtals 8,3 m² við vesturhlið húss nr. 21 og austurhlið húss nr. 23. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs, 5. september 2006,

Jón Sigurðsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2006